

Garðabæ, 14. janúar 2003

Menntamálanefnd
Helga Þórisdóttir
Alþingi
150 Reykjavík


Óskað hefur verið umsagnar Húsafriðunarnefndar ríkisins um breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til þjóðminjalaga, 382. mál.

Húsafriðunarnefnd gerir þær athugasemdir við 2. mgr. 2. gr. þar sem Húsafriðunarnefnd er skilgreind sem ein af þeim þrem stofnunum sem annast framkvæmd þjóðminjavörslunar, sé ekki á hana minnst vegna stefnumörkunar og gerðar langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild. Eðlilegt er að allar þrjár stofnanirnar hafi slíkt á hendi. Þá er rétt að rita Húsafriðunarnefnd með stórum staf þar sem hún er stofnun enda sérnafn.

Það er mat Húsafriðunarnefndar að umræddar breytingar, varðandi varðveislu kirkjugripa sem lagðar eru til í framvarpi til þjóðminjalaga, 382. mál, séu til bóta.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst f.h.
Húsafriðunarnefndar ríkisins


Magnús Skúlason